

Fiskirannsóknir í Skorradalsvatni

Sumarið 1972 hóf Veiðimálastofnunin athuganir á Skorradalsvatni með það fyrir augum að finna hvaða fiskræktaraðgerðum skyldi beita til þess að auka verðmæti vatnsins sem veiðivatns. Lítil sókn hefur verið í veiði, bæði hvað snertir net og stöng, og afli rýr. Í núverandi ástandi verður að telja að vatnið sé mjög verðlítið sem veiðivatn.

Aðaláherzla var lögð á að safna gögnum úr fiskstofnunum og síðan skyldi metið hvort frekari rannsókna væri þörf á öðrum þáttum lífkerfisins. Eftir þær niðurstöður sem nú liggja fyrir, þykir ekki rétt að framkvæma slíkar rannsóknir fyrst um sinn, bæði vegna þess að kostnaður yrði of mikill miðað við verðgildi vatnsins, eins hefur Veiðimálastofnunin ekki mannafla né tæki til slíks. Rétt þykir einnig að bíða og sjá hver árangur verður af þeim fiskræktaraðgerðum sem skipulagðar verða.

Hér fara á eftir helztu niðurstöður rannsókna, en öll frumgögn liggja frammi á Veiðimálastofnuninni í Reykjavík.

Vatnið.

Skorradalsvatn er af svokallaðri fjarðatypu, þ.e. skafið út af jökli; langt og mjótt, djúpt og aðdjúpt. Í slíkum vötnum er hlutfallslega lítið af grunnum strandsvæðum, sem eru mikilvæg fyrir botndýr, og því hlutfallslega minna botndýralíf, en í vötnum sem eru grynri. Frumframleiðsla byggist mest á svifþörungum, þeir eru fæða svifdýranna og á svifinu lifa síðan önnur dýrasamfélög vatnsins, beint og óbeint. Fiskframleiðsla er því háð framleiðslu á svifþörungum, en hún er hinsvegar háð m.a. næringarsöltum og sólarljósi.

Eftirfarandi niðurstöður hafa fengist við efnagreingu á vatni og aðrar mælingar á vatnsmassanum. Stöð II er miðja vegu milli enda vatnsins, úti á dýpinu. Stöð III er á dýpinu NA af Litlu-Drageyri.

	24/8 1972		10/10 1972
	Stöð II	Stöð III	Stöð III
Sjóndýpi	9.0m	8.5m	10.0m
Vatnslitur	grønn	grønn	blá-grønn
Hiti 0m	10.4°C	10.3°C	7.7°C
" 10m	10.3°C	10.8°C	7.7°C
" 16m	10.3°C		
" 20m		11.1°C	7.7°C
Leiðni H25 (Ohm·10 ⁶ ·Cm ¹)	56.8	57.0	
PH	7.5	7.4	
Klór (Cl ⁻)	7.4mg/l	7.3mg/l	
Bikarbónat (HCO ₃ ⁻)	20.7	20.1	
Permanganattala (KMnO ₄)	2.5	1.9	
Kalsíum (Ca ⁺⁺)	2.3	2.3	
Magnium (Mg ⁺⁺)	1.4	1.5	

Um þessar niðurstöður er lítið að segja, nema að flest gildi eru eðlileg, og ekki óvænt á neinn hátt. Hitastigið er jafnt niður á við í dýpið og það helst nokkuð hátt fram eftir hausti.

Fiskstofnanir.

Eingöngu hefur veiðst bleikja (*Salvelinus alpinus*) og talsvert virðist af hornsíli í vatninu. Bleikjan er bæði botnlæg (þ.e. nærast á botndýrum) og sviflæg, (murta) þ.e. lifir á vatnsmassanum og nærast af dýrasvifi.

Við tilraunaveiðina voru notuð net með mismunandi möskva-
stærðum, í þeim tilgangi að fá mynd af lengdardreifingu fiskanna.
Aflinn sem fékkst skiptist þannig milli neta:

Möskvastærð omf/alín	mm	fjöldi lagna samtals	fjöldi fiska samtals	fjöldi að meðaltali í lögn
14	46	2	0	0
16	40	3	7	2.3
18	35	4	16	4.0
22	29	4	22	5.5
24	26	4	51	12.8
30	21	6	83	13.8
32	20	1	17	17.0

Lengdardreifing aflans frá 11-12/10 1972 sést í töflu I bls. 5 , en þessa daga veiddist meginhluti sýnanna. Taflan talar sínu máli um stærð fisksins í vatninu, og góð samsvörun er milli lengdardreifingar og afla í hinar ýmsu möskvastærðir.

Aldur og vöxtur.

Mynd 1 bls. 6 sýnir lengd fiskanna miðað við aldur. Fram kemur að vöxtur fiskanna hefur verið ákaflega misjafn. Sumir hafa vaxið ágætlega, aðrir mjög hægt. Erfitt er með einföldum hætti að skýra þennan mikla mismun í vaxtarhraða, en sennilega stafar hann af mismunandi fæðuvali hinna einstöku fiska.

Næring.

Ekki er hér ástæða til að birta töflur yfir magainnihald, og verður aðeins minnst á helztu atriði. Langmest ber á botndýrum, og af þeim eru vatnabobbar, vorflugulirfur og rykmýslirfur algengastar. Einnig er nokkuð um að bleikjan lifi á hornsílum, sem er frekar sjaldgæft hjá bleikju almennt, og virðist svo að bleikjur sem nýta hornsílin vaxi betur og séu feitari en hinar. Einnig fundust svifætur, murta, en þær voru ekki nema 14-15cm langar, og veiðast því ekki í venjuleg smáriðin silunganet. Þessar fáu sem veiddust voru kynþroska, og er því ástæða til að ætla að

murtan nái ekki meiri stærð.

Ýmsar ályktanir, fiskræktaraðgerðir: Niðurstaðan er sú að fæðuskortur standi fiskinum fyrir þrifum, m.ö.o. að vatnið sé ofsetið. Nú er veiði í smáriðin net minni en búast mætti við þar sem fiskstofninn er mjög þéttur. En þess verður að gæta að Skorradalsvatn er aðdjúpt og hefur því hlutfallslega litla botndýraframleiðslu, og hlutfallslega fáir fiskar miðað við heildarflatarmál gera vatnið ofsetið. Þá bendir margt til þess að mjög mikið sé af smáfiski sem ekki ánetjast, þ.e. murtu. Það er ekki hægt að veiða þessa murtu í net, enda er hún of smá til neyslu. Eina leiðin er að nýta hana sem fiskfóður, og mín hugmynd er sú að sleppa urriðaseiðum af Þingvallastofni í vatnið, en þar nærast hann á murtu og nær þannig töluverðri stærð. Urriðinn yrði síðan veiddur í net og á stöng og þannig kæmi murtan til skila í veiðinni. Fitjaá og e.t.v. fleiri lækir gætu þjónað sem hrygningar- og uppeldisstöðvar fyrir urriðann svo og Andakílsá, verði nauðsynlegar umbætur gerðar á stíflumannvirkjunum í ósnum.

Óframkvæmanlegt er að grisja bleikjuna í vatninu, en rétt er að nota smáriðin net t.d. 24 á alin til þess að veiða sem mest af henni. Einnig bæri að athuga hvort ekki mætti leigja sumarbústaðaeigendum netaleyfi. Allavega er til bóta að veiða eins mikið af bleikju og hægt er.

Að lokum má geta þess að Veiðimálastofnunin hefur uppi áætlanir um að kanna magn murtu í vatninu með fiskleitartækjum, og kemur það e.t.v. til framkvæmda nú í haust.

Reykjavík 10. júlí 1974

Jón Kristjánsson
fiskifræðingur

SKORRA DALSVATN

ALDUR / LENGD á BLEIKJU
1972-1973

Leidd
í cm
%

X = KYNDROSKA BLEIKJA
O = 'OKYNDROSKA — II —
V = KYNDROSKA MURTA

